

Borgarráð 14. nóvember 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bílastæðahús eða fjölnotahús MSS24110083

Fulltrúi Flokks fólksins vill að borgaryfirvöld og skipulagsyfirvöld endurskoði hugmyndina um bílastæðahús í borgarlandinu eða fjölnotahús eins og þau eru stundum kölluð.

Greinargerð

Það kann vel að vera að hús sem þetta virki vel erlendis og hafi eitthvað notagildi en það eru miklar efasemdir um að slík bygging falli í í kramið hér. Þetta kom skýrt fram í máli íbúa í Grafarvogi á íbúafundi vegna byggingaráforma í Grafarvogi á fundi í Rimaskóla 11. nóv. sl. Bílastæðahús er ein af hugmyndum í byggingaráformum í Grafarvogi og ein 6 slík eiga að rísa í Keldnalandinu. Það má telja vel líklegt að hér sé verið að fara offari í hugmynd sem þeim sem eiga að nýta húsið telja ekki góða. Um er að ræða allt að 5 hæða hús og það segir sig sjálft að erfitt gæti verið fyrir fjölskyldu með lítil börn og matvörur að fara frá bílahúsinu og ganga ef til vill nokkurn spöl heim til sín. Í þessum húsum er ekki gert ráð fyrir lyftum eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins skilur